


VIKAN



AÐ GERA ÞAÐ BESTA ÚR KASSA

Heimsókn til Guð-
mundar Kr. Guð-
mundssonar arki-
tekts.



Þegar ekið er frá Bústaðaveginum niður í Fossvogsdalinn, verða fyrst fyrir tvær raðir af blokkum. Síðan koma þrjár raðir af stórum raðhúsum, pallahúsum með hallandi þaki. Þar næst koma tvær raðir einnar hæðar raðhúsa, og eru þau öll með sams konar þaki, lágu risi. Næst í dalnum eru fjórar raðir einbýlishúsa, sem öll eru með flötu þaki. Þannig var þessu skipað niður af skipulagsins hálfu.

Við Helluland eru raðhús með lágu risi, og láta þau flest ósköp lítið yfir sér. Fyrstu þrjú húsin á hægri hönd, númer 2, 4 og 6 eru nokkuð frábrugðin hinum, því þau eru úr timbri, dökk á lit. Í húsinu númer 2 býr Guðmundur Kr. Guðmundsson arkitekt, og

þarf ekki að því að spyrja, að hann teiknaði húsin sjálfur. Því knúðum við dyra hjá honum og fjölskyldu hans í skammdeginu til að forvitnast svoltið um hús hans og hvernig fjölskyldan hefur komið sér fyrir í því.

Inni fyrir er allt á einni hæð, og úr stofu og svefnherbergi, sem snúa í suður, er hægt að ganga beint út í garðinn, sem ber þess merki, að í hann hefur verið lögð mikil vinna.

Þetta er fyrsta húsnæði, sem hjónin eignast. Þegar Guðmundur hafði lokið námi í húsa-gerðarlist í Stuttgart í Þýskalandi, fluttu hann og Ólöf S. Magnúsdóttir kona hans í leigubúð í kjallara í Laugarásnum. Þegar farið var að úthluta lóðum í

AÐ GER ÚR KAS



Barnaherbergin þrjú eru öll jafnstór, en húsgögnin eru mismunandi, eftir því hvert barnanna á í hlut. Þetta er herbergi yngstu heimasættunnar.

Fossvogi fannst þeim freistandi að sækja um.

— Okkur fannst sjálfsagt að sækja um, því þetta voru eiginlegu síðustu skikkanlegu lóðirnar í Reykjavík, segir Guðmundur. Auðvitað vissi maður ekki, hvort maður fengi eitthvað og þá hvað — en við vorum heppin og fengum endahús í þriggja húsa raðhúsi.

— Þegar þú settist niður að teikna — teiknaðirðu þá drauma-húsið?

— Nei, ég er hræddur um ekki. Hér var manni úthlutað kassa, af ákveðinni stærð með ákveðnu lagi og gluggum í suður og norður. Úr þessu varð maður svo að reyna að gera það besta. Þegar maður teiknar hús, er það svo að maður verður að taka tillit til þeirra peninga, sem maður hefur til að eyða í það. Við áttum nákvæmlega ekkert, og því lagði ég mikið upp úr að koma þessu upp sem óðyrustu. Það er alveg eins líklegt, að hér væri allt öðruvísi umhofs, ef við hefðum haft úr meiru að spila. Um svipað leyti og við vorum að byrja hér, var ég að byrja að vinna sjálfstætt, og

það hafði kostnað í för með sér. En við vorum bjartsýn og vonuðum, að með því að gefa okkur góðan tíma til að koma húsinu upp, yrði það okkur ekki allt of erfitt fjárhagslega — og sú varð líka raunin.

— Hvers vegna kaustu að byggja úr timbri?

— Hér í Fossvoginum er mjög djúpt niður á fast — fimm til 6 metrar hér hjá okkur. Því var um að gera að hafa húsið létt, svo undirstöður yrðu sem minnstar. Og á þeim tíma, sem verið var að byrja á þessum húsum, var verð á timbri tiltölulega mun lægra en það er nú. Við þrír, sem fengum þessar lóðir, byggðum húsin saman í folhelt ástand og varð það því ódýrara en ef við hefðum verið að þessu hver fyrir sig. Síðan hélt hver áfram, eins og honum sýndist, og nú er ákaflega ólíkt að koma inn í þessar þrjár íbúðir.

Guðmundur byrjaði á húsinu 1967 og kom því upp foheldu fyrir gengisfellinguna miklu 1968 og flutti inn 1969. Þegar húsið var komið upp, var byrjað á því að

RA ÞAÐ BESTA

SSA

Heimsókn til Guðmundar Kr. Guðmundssonar arkitekts.

ganga frá gólfi og lofti. Gólfíð var klætt parketi, en loftíð máluðum spónaplötum. Bitar, sem halda loftinu uppi, ganga þvert gegnum húsið. Síðan var farið að setja niður skilrúm, og þar sem þessi háttur var hafður á, verður hægur vandi að flytja skilrúmin til og breyta herbergjaskipan, ef þess gerist þörf.

Skilrúmin eru úr striga-klæddum spónaplötum. Plöturnar voru fyrst málaðar, og síðan var þeim vafið inn í gráleitan striga, áður en þær voru settar upp. Striginn var síðan lakkaður, og eru húsráðendur ákaflega ánægðir með þessa lausn mála. Það sér lítið á striganum, og mjög auðvelt er að hengja á hann veggskreytingar. Einkum kemur það


sér vel í barnaherbergjunum, þar sem stöðugt er verið að taka niður myndir og skraut og setja upp nýtt.

Af svefnherbergjaganginum er gengið inn í barnaherbergin þrjú, sem öll eru eins, herbergi hjónanna, baðherbergi og fram á þvottahúsgang. Veggir baðherbergisins, sem er inni í miðju húsi, eru hlaðnir úr söguðum mátsteini, og snýr grófi flöturinn fram á ganginn, inn í sjónvarpsherbergi og fram í hol. Veggirnir voru málaðir hvítir og eru því skemmtileg tilbreyting frá öðrum veggjum. Steinninn hefur reynst svo vel í baðherberginu, að ekki sér á honum, ekki einu sinni við sturtuna, þar sem vatnsgangur er eðlilega mikill.



Suðurhlíð hússins, sem snér út í garðinn
Heimilisfólkið á Hellulandi 2: Guðmundur Kristinn, Ólöf Sýlvía og börnin þrjú: Guðmundur Kristinn yngri, sem er 10 ára, Guðrún Jóhanna 8 ára og Dögg 4 ára.

garður



í eldhúsinu er innrétting, sem Guðmundur teiknaði sjálfur og lét smíða. Ramminn er úr oregonfuru, en skáphurðir virðast við fyrstu sýn vera úr harðplasti. Það kemur því á óvart að heyra, að þær eru úr spónaplötum, sem voru sprautaðar með gljáandi lakki og fengu þá þessa sléttu áferð.

Húsinu sjálfu var skorinn stakkur húsnæðismálastjórnarláns, en að viðbættum bílskúr, sem er áfastur húsinu, er húsið allt um 175 fermetrar.

Það er ekki nóg að búa í húsi — umhverfið hefur alltaf mikið að segja. Guðmundur og Ólöf geta ekki hugsað sér notalegri stað en Fossvoginn.

— Það er svo fríðsælt og skýlt hér, og umferð er tiltölulega lítil, segir Ólöf. Meðan börnin sækja Fossvogsskóla þurfa þau ekki að fara yfir neina umferðargötu, og mér finnst ákaflega mikið öryggi í því. Fólk hér er mikið til á svipuðum aldri og við og með börn á svipuðum aldri og því mikið af sameiginlegum áhugamálum. Margir kunningjar okkar hafa flutt hingað og því stutt að fara til að hitta þá. Á sumrin er svo skýlt hér sunnan við húsið, að við ættum ekki að þurfa að fara til Suðurlanda til að sækja sól og yl, þótt við höfum reyndar freistast til að fara til Spánar.

Þegar við vikjum að því, hvort þetta sé framtíðarhúsnæði, eða hvort þau hyggist byggja aftur, segist Guðmundur vel geta



Guðmundur teiknaði sjálfur eldhúsinnréttinguna, sem er úr oregonfuru og máluðum spónaplötum. Borðið og skápurinn skipta eldhúsinu, en áföst borðinu er löng hilla, og er þar „gefið á garðann“ á matmáls-tímum, eins og húsbóndinn orðar það. Á kvöldin þegar allir eru heima, er borðað í borðstofunni.



Hér logar glatt í arninum. Meðfram endilöngum veggnum til hægri er lág hillusamstæða, sem Guðmundur lét smíða.

AÐ GERA ÞAÐ BESTA ÚR KASSA

hugsað sér að byggja aftur — einhvers konar hús, sem hann gæti haft eftir sínu höfði. Íbúðarhús séu alltaf skemmtilegustu viðfangsefni, og því hljóti að vera ákaflega gaman að byggja fyrir sjálfan sig. Hann tekur þó fram að hann einskorði sig ekki við

einbýlishús, því fjölbýlishús geti ekki síður verið skemmtileg og þægileg, einkum þegar fólk sé orðið fullorðið og börnin farin að heiman. Því miður sé þróunin hér alveg öfug. Fólk byrji í blokkum og flytjist í einbýlishúsið, þegar börnin séu að komast upp og fara að heiman.



Stofugluggarnir ná niður að gólfi og veita því góðri birtu inn. Úr stofunni má ganga beint út á stóran pall, þar sem fjölskyldan „býr“ á góðviðrisdögum.

— Annars er arkitektinn oft í dálítið erfiðri aðstöðu, segir Guðmundur. Hann er eiginlega mitt á milli listamanns og iðnaðarmanns. Þegar hann teiknar hús, hugsar hann það til enda og lítur á það sem fullgert verk frá sinni hálfu. En eigendur líta stundum öðruvísi á málin. Þeir vilja fá húsið teiknað, og þegar það er komið áleiðis segja þeir „já, nú tek ég við“ og halda kannski áfram, þveröfugt við það, sem arkitektinn hafði ætlað — en hann er eftir sem áður talinn „höfundur“ hússins. En þú mátt

fyrir alla muni ekki taka þetta sem algilda reglu, því oft er samvinna við byggjendur sérstaklega skemmtileg og tekst vel að beggja dómi. — En ef við komum aftur að mínum eigin byggingaplönnum, þá er ekki útlit fyrir annað en að þau falli um sig sjálf, því við getum ekki hugsað okkur að búa annars staðar en í Fossvoginum, og hér er ekki lengur lóð að fá.

Ólöf er heldur ekki sérlega æst í að fara að byggja aftur, að minnsta kosti ekki í bráð. Þegar þau fluttu inn í húsið árið 1969 var



Séð úr ganginum inn í sjónvarps- og vinnuherbergi. Hlaðinn vegginn prýðir veggteppi eftir Asgerði Búadóttur.



Gaffl hússins er steypdur og veggurinn málaður ópússaður. Málverkið fyrir ofan sófann er eftir Jón Engilberts.



Borðstofan er við bakhlíð arinsins. Málverkið á gaflinum er eftir Kjartan Guðjónsson.



A þessari mynd, sem tekin er úr ganginum sést vel hvernig arininn skiptir borðstofu og dagstofu.



Lág hillusamstæðan geymir bækur, plötuspilara, plötur o.fl. Á striga-klæddum veggnum hanga fjórar litlar myndir eftir Braga Asgeirsson.

Það að mestu eitt gaphús, því viðá vantaði hurðir og skilrúm. Síðan hefur þetta verið að koma smám saman og hún segist vera fegnari því en svo, að húsið sé nú loksins að komast í stand, að hún vilji byrja upp á nýtt.

Guðmundur verður því að láta sér nægja að teikna hús fyrir aðra. Reyndar gerir hann ekki mikið af því að teikna einbýlishús — gerir það aðeins öðru hverju til tilbreytingar og skemmtunar, eins og hann segir — því hann og samstarfsmaður hans, Ólafur

Sigurðsson, eru aðallega í stærri verkefnum fyrir opinbera aðila. Þeir hafa til dæmis teiknað mikið af dagheimilum í Reykjavík, heimili aldraðra við Norðurbrún, Seðlabankahúsið umdeilda, sem enn er óbyggt, og á teikniborðinu er Borgarleikhúsið fyrirhugað.

Þegar við heimsóttum Ólöfu og Guðmund var jörð þakin klaka og snjó, en upp úr snjónum í garðinum teygðu sig lítil furutré. Í lóðinni liggur mikil vinna, því þegar byrjað var að byggja húsið var lóðin ekki annað en einn

moldarhaugur. Hún stendur aðeins í halla og rann jarðvegurinn fram og var mjög erfiður viðureignar. Yfirborðið ofan við húsið lækkaði alls um hálfan metra, og þurfti aftur og aftur að fylla upp að aðal- dyrunum, áður en jarðvegurinn staðnæmdist þar. En hjónin hafa haft mikla ánægju af að vinna í garðinum og eytt þar mörgum frístundum á sumrin. Vestan við húsið, milli gaflsins og Hörgslands er svæði, sem er sameign allra íbúa við Helluland, og samkvæmt

því eiga þeir að sjá um að rækta það og hirða. En það þarf meira en litla samheldni íbúa við heila götu til að það fari vel, og þegar þessari spildu hafði ekki verið sinnt, tóku Ólöf og Guðmundur sig til, reyttu arfann og stungu upp. Í sumar var þarna kominn snyrtilegur grasblettur og gjöfull matjurta garður.

P.A.